

2010

Þjóðarspegilinn

Ánægja með fjölskyldulíf á Íslandi í kjölfar bankahruns

Kolbeinn Stefánsson
Þóra Kristín Þórsdóttir

Félags- og mannvísindadeild
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ánægja með fjölskyldulíf á Íslandi í kjölfar bankahruns

Kolbeinn Stefánsson
Þóra Kristín Þórsdóttir

Ánægja með fjölskyldulíf stýrist bæði af innri þáttum fjölskyldulífsins, svo sem samskiptum og verkskiptingu fjölskyldumeðlima (Johnson og Booth, 1998; Kluwer, Heesink og Van De Vliert, 1997; Burluson og Denton, 1997; Mathews, Wickrama og Conger, 1996), og ytri þáttum á borð við fjárhagslega afkomu, atvinnuöryggi, álagi í vinnu og áreksstrum vinnu og heimilis (Williams og Alliger, 1994; Forthofer, Markman, Cox, Stanley og Kessler, 1996; Mathews, Conger og Wickrama, 1996; Broman, Riba og Trahan, 1996; Lorenz, Conger, Simon, Whitbeck og Elder, 1991; Conger o.fl., 1990), sem og samspili innri og ytri þátta (Gottman og Notarius, 2000; Bradbury, Fincham og Beach, 2000). Í kjölfar bankahrunsins jókst atvinnuleysi umtalsvert, margir óttast atvinnumissi og fjárhagur fólks þrengdist til muna. Því er vert að kanna ánægju íslendinga með fjölskyldulíf enda má skoða hana sem vísbendingu um „gæði“ fjölskyldulífs. Markmið greinarinnar er tvíþætt. Annars vegar metum við hvort ánægja með fjölskyldulíf hefur breyst frá því fyrir bankahrún, hins vegar metum við áhrif ytri þátta sem tengjast bankahrúninu á ánægju fólks með fjölskyldulíf.

Rannsóknir á efnahagskreppum hafa fram til þessa að mestu takmarkast við hagfræði og –sögu. Fyrir vikið vitum við sitthvað um hvaða áhrif kreppur hafa á helstu hagstærðir, svo sem atvinnuleysi og afkomu fólks (sjá t.d. Krugman, 1999; Reinhart og Rogoff, 2009; Stiglitz, 2010), en minna um áhrif þeirra á ýmsa samfélagslega þætti. Ástæðan er sú að kreppur eru fátíðar og fyrir vikið er lítið um gögn sem gera okkur kleift að kanna hver áhrif þeirra á aðra þætti lífs fólks, svo sem hugarfar, gildismat og hegðun. Þessi grein veitir vissa innýn í breytingar í kjölfar kreppunnar og er þannig innlegg í ört vaxandi svið kreppurannsókna í félagsfræði. Megin áherslan er þó á stöðuna í kjölfar bankahrunsins en samanburður milli Íslands og annarra landa fyrir bankahrún gefur samhengi sem auðveldar túlkun á niðurstöðum.

Kreppur og ytri áhrif á fjölskyldulíf

Fátt er vitað um hvaða áhrif kreppur hafa á fjölskyldulíf fólks. Þó má ætla að áhrif kreppa séu óbein, þ.e. að samdráttur hagkerfisins hafi ekki áhrif á fjölskyldulífið heldur séu það fylgikvillar samdráttarins svo sem aukið atvinnuleysi, þrengri fjárhagur heimila og aukið óöryggi á vinnumarkaði. Slíkir þættir eru til staðar í öllum samfélögum á öllum tímum og benda rannsóknir til að þeir hafi áhrif á fjölskyldulíf. Þann fyrirvara verður þó að setja að ekki er víst að áhrif þeirra séu þau sömu í venjulegu árferði og í efnahagskreppum enda má ætla að slíkar kreppur hafi viðtæk áhrif á ýmsa samverkandi þætti sem kunna að breyta samspili áður nefndra þátta og fjölskyldulífs (Boudon, 1984; Lieberman, 1985).

Vinnan hefur margvísleg áhrif á líf fólks. Auk þess að vera tekjulind er hún vettvangur félagslegra tengsla og þroska, forsenda sjálfsvirðingar, auk þess sem hún kemur reglu á daglegt líf fólks (Jahoda, 1982). Það er því mörgum áfall að missa vinnuna. Rannsóknir hafa sýnt að hverskyns áföll hafa neikvæð áhrif hjónabönd fólks (Broman, Riba og Trahan, 1996). Atvinnumissir er þar engin undantekning, en vísbendingar eru um að bæði andlegri og líkamlegri heilsu hraki í kjölfar atvinnumissis

(Alm, 2001; Korpi, 2001). Þessu fylgja oft aukin átök á heimili sem hafa ekki síður áhrif á líðan fjölskyldu hins atvinnulausa en hins atvinnulausa sjálfs (Ström, 2003). Þá kann að vera að atvinnuleysi hafi meiri neikvæð áhrif á þá einstaklinga sem aðhyllast hefðbundnar hugmyndir um hlutverk kynjana (Larson, 1984). Neikvæð áhrif atvinnuleysis á gæði fjölskyldulífs koma meðal annars fram í hærri skilnaðartíðni á meðal atvinnulausra en þeirra sem eru í vinnu (Lampard, 1994; Starkey, 1996).

Fjárhagsþrengingar eru ein af megin afleiðingum atvinnuleysis og hafa gjarnan slæm áhrif á fjölskyldulíf fólks (Fox, Benson, DeMaris og Van Wyk, 2002; Kwon, Rueter, Lee, Koh og Ok, 2003). Ein ástæðan kann að vera sú að óöryggi og erfiðar ákvarðanir sem fylgja þröngum fjárhag auki á ágreining á milli hjóna með tilheyrandi afleiðingum fyrir fjölskyldulífið (Wilhelm og Ridley, 1988).

Óöryggi á vinnumarkaði getur líka haft áhrif á gæði fjölskyldulífs. Einstaklingar sem óttast um starf sitt bregðast margir hverjir við með því að auka vinnuframlag sitt til að treysta stöðu sína. Auknu vinnuálagi geta hinsvegar fylgt auknir árekstrar á milli vinnu og heimilis (Brockner, Grover, O'Malley, Reed og Glynn, 1993). Ótrygg atvinna hefur einnig ýmis áhrif á launafólk sem koma niður á heimilislífinu (Larson, Wilson og Beley, 1994). Rannsóknir hafa til dæmis sýnt að streita og andlegir kvillar draga úr ánægju með fjölskyldulíf (Mauno og Kinnunen, 1999). Atvinnuóöryggi veldur streitu og kulnun og getur dregið úr velferð bæði þeirra sem búa við slíkt óöryggi og maka þeirra (Westman, Etzioni og Danon, 2001; Wilson, Larson og Stone, 1993). Þar sem launavinna er megin tekjustoð flestra veldur atvinnuóöryggi áhyggjum af fjárhagslegri afkomu, en rannsóknir benda til þess að slíkar áhyggjur dragi úr ánægju með fjölskyldulíf vegna átaka á milli hjóna og auki líkur á ofbeldi í nánnum samböndum (Fox o.fl., 2002).

Til að draga saman þá ytri þætti sem geta haft áhrif á ánægju með fjölskyldulíf og tengjast bankahruninu: 1) Aukið álag á vinnustað vegna aukins atvinnuóöryggis, sem getur leitt til aukinna árekstra vinnu og heimilislífs og aukins ágreinings og álags á heimili, 2) atvinnuleysi og fylgikvillar þess, og 3) fjárhagserfiðleikar.

Gögn og aðferðir

Þessi rannsókn byggir á þremur könnunum. Sú fyrsta er könnun *International Social Survey Programme* frá 2002 á fjölskyldulífi og breytingum á kynhlutverkum.¹ Hinar kannanirnar eru íslenskar endurtekningar á umræddri könnun. Þeirri fyrri var safnað árið 2005 af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir Stefán Ólafsson. Um var að ræða slembiúrtak 1000 einstaklinga á aldrinum 16-67 ára sem var fengið úr Þjóðskrá. Svarhlutfallið var 73,4%. Seinni könnunin var framkvæmd af Félagsvísindastofnun fyrir hönd Þjóðmálastofnunar Háskóla Íslands vorið 2010. Um var að ræða slembiúrtak 1500 einstaklinga á aldrinum 16-67 ára. Svarhlutfallið var 63,4%. Þegar gögnin voru skoðuð kom í ljós lágt svarhlutfall á meðal atvinnulausra. Þar sem atvinnuleysi er mikilvæg skýringabreyta fyrir margar þær rannsóknarspurningar sem gögnin bjóða upp á var ákveðið að bæta við slembiúrtaki 300 einstaklinga á vinnualdri af atvinnuleysis-skrá. Svarhlutfallið var 52,1%. Með þessum gögnum er hægt að skoða hvaða breytingar hafa orðið á tímabilinu 2005 til 2010, en á því tímabili má ætla að hrun


¹ Ítarlegar upplýsingar um þessi gögn má finna á vefsíðu ISSP: <http://www.gesis.org/en/services-data/survey-data/issp/modules-study-overview/family-changing-gender-roles/2002/>

Íslensku bankanna hafi umtalsvert skýringargildi, auk þess sem hægt er að setja stöðu mála á Íslandi fyrir bankahrun í alþjóðlegt samhengi.²

Þau gögn sem við byggjum á í þessari grein endurspeglar huglægt mat fólks. Þau eru þeim annmarka háð að oft er misræmi á milli aðstæðna fólks frá hlutlægu sjónarhorni og þess hvernig fólk metur þær. Ástæðan er sú að þegar misræmi verður á milli óska fólks og aðstæðna þeirra reynist oft auðveldara að aðlaga óskir að aðstæðum en að breyta þeim síðarnefndu (Elster, 1983). Fyrir vikið er gagnlegt að skoða aðra mælikvarða sem endurspeglar hegðun fremur en huglægt mat. Því notumst við einnig við tölur frá Hagstofu Íslands um uppsafnað skilnaðarhlutfall. Uppsafnað skilnaðarhlutfall mælir hversu mörg hjónabönd enda með skilnaði.

Greining

Mynd 1 sýnir sýnir þróun uppsafnaðs skilnaðarhlutfalls á Íslandi frá árunum 1991-2009. Það er ljóst að uppsafnað skilnaðarhlutfall sveiflast allnokkuð á því tímabili sem er hér til skoðunar. Myndin bendir ekki til þess að skilnaðarhlutfallið hafi aukist í kjölfar bankabrunnsins. Þvert á móti lækkar hlutfallið á milli 2008 og 2009 auk þess sem það er hærra flest önnur ár frá 1991. Þetta þarf þó ekki að endurspeglar aukin gæði fjölskyldulífs. Vissulega myndum við að öðru óbreyttu gera ráð fyrir því að óánægja með fjölskyldulíf auki líkur á skilnaði, en aðrir þættir eru sjaldnast óbreyttir. Það er til dæmis hugsanlegt að þrengri fjárhagur í kjölfar bankabrunnsins geri fólki erfðara að skilja en ella.




Mynd 1. Hjúskaparslit, lögskilnaðir, skilnaðir að borði og sæng, og uppsafnað skilnaðarhlutfall á Íslandi 2000-2009 (Hagstofa Íslands, 2010)

Mynd 2 sýnir meðalánægju/óánægju með fjölskyldulíf hjá ýmsum þjóðum árið 2002 og fyrir Ísland árin 2005 og 2010. Því lægra sem meðaltalið er, þeim mun ánægðara er fólk með fjölskyldulífið. Fyrir bankahrun var ánægjan einna mest á Íslandi af samanburðarlöndunum. Aðeins á Írlandi og í Austurríki var ánægjan meiri. Þvert á

² Höfundar þakka EDDU - öndvegissetri og Jafnréttisráði veittan stuðning sem gerði okkur kleift að afla gagnanna frá árinu 2010. Einnig viljum við þakka tveimur ónefndum ritrýnum fyrir skýrar og gagnlegar athugasemdir.

Það sem hefði mátt áætla á grundvelli fyrri rannsókna á áhrifum atvinnuleysis, atvinnu-óöryggis og fjárhagsþrenginga á fjölskyldulíf, hefur ánægja Íslendinga með fjölskyldulíf aukist á milli árunna 2005 og 2010. Breytingin er í sjálfu sér ekki stór, en nær því þó að vera tölfræðilega marktæk ($p=.005$).



Mynd 2. Þegar á heildina er litið, hve ánægð(ur) ert þú með fjölskyldulífið? Meðaltal svarenda í mismunandi löndum

Myndir 1 og 2 benda ekki til þess að bankahrunið hafi haft neikvæðar afleiðingar fyrir fjölskyldulíf Íslendinga og þar sem uppsafnað skilnaðahlutfall hefur ekki vaxið er ekki hægt að skýra aukna ánægju með fjölskyldulíf með sjálfsvali (*selection effect*), þ.e. að aukin skilnaðartíðni hafi lækkað hlutfall hjónabanda sem fólk er óánægð í, þó ekki sé hægt að útiloka að fólk eigi erfðara með að skilja vegna ytri aðstæðna og aðlagi mat sitt á eigin fjölskyldulífi að þeim aðstæðum.

Margar af þeim breytingum sem hafa átt sér stað í kjölfar bankahrunsins eru vel þekktar. Á meðal þeirra er aukið atvinnuleysi og fjárhagsþrengingar vegna lægri tekna og aukinnar skuldabyrði. Aðrar breytingar eru ekki eins vel þekktar, en í þeim gögnum sem við erum að vinna úr hér má finna breytur sem tengjast auknu álagi í vinnu og á heimilum og árekstrum þar á milli, sem og mælingar á verkskiptingu og ágreiningi þar um. Tafla 1 sýnir dreifingu svara við spurningum þar að lútandi fyrir árin 2005 og 2010.

Fyrstu tvær mælingarnar endurspeglar árekstra vinnu og heimilislífs þar sem heimilislífið kemur niður á vinnunni. Á heildina litið hafa erfðleikar við að einbeita sér í vinnu vegna fjölskyldunnar aukist. Þeim fækkar nokkuð sem upplifa aldrei slíka erfðleika og þeim fjölga sem upplifa þá einu sinni eða tvisvar á ári. Á móti kemur að þeim sem upplifa slíkt oftar fækkar lítillaga. Aftur á móti eru litlar breytingar á dreifingu þeirra sem hafa komið þreyttir til vinnu vegna heimilisstarfa.

Þriðja mælingin er vísbending um álag á heimili. Hlutfall þeirra sem eru mjög sammála fullyrðingunni þess efnis að heimilið valdi þeim sjaldan streitu lækkaði úr 47,1% í 39,2% en á sama tíma hefur fjölgað í hópi þeirra sem eru frekar sammála eða ósammála og þeirra sem eru hvorki sammála né ósammála. Þetta bendir til þess að álag á heimilum hafi aukist nokkuð, þó breytingin sé ekki afgerandi.

Fjórdða og fimmta mælingin sýna árekstra vinnu og heimilislífs sem koma niður á heimilislífinu. Þeim fækkar nokkuð sem hafa átt erfitt með að sinna fjölskyldunni nokkrum sinnum í viku vegna þess tíma sem þau verja í vinnu og þeim fækkar um-

talsvert sem hafa lent nokkrum sinnum í viku í því að hafa komið of þreyttir heim úr vinnu til að sinna heimilisverkum. Ein af afleiðingum bankakreppunnar er sú að vinnustundum karla hefur fækkað verulega (úr rúmlega 52 stundum á viku árið 2005 í tæpar 42 stundir, samkvæmt þeim gögnum sem við erum að greina hér). Minna framboð af aukavinnu og yfirvinnu kann þannig að leiða til þess að fólk hafi meiri tíma fyrir fjölskyldulífið.

Sjötta mælingin er vísbending um álag í vinnu. Hlutfall þeirra sem er sammála eða mjög sammála fullyrðingu þess efnis að vinnan valdi þeim sjaldan streitu fer úr 54,2% í 58,6%. Breytingin er ekki stórvægileg en bendir þó til þess að álag á vinnustað hafi minnkað í kjölfar bankabruna. Þetta er í sjálfu sér athyglivert þar sem auknu atvinnuleysi fylgir gjarnan aukið atvinnuóryggi sem eykur gjarnan álag á vinnandi fólk. Hér kann að skipta máli hver staða mála var áður en atvinnuleysi jókst. Íslendingar hafa lengi búið við mikið vinnuálag (Stefán Ólafsson, 2006), en sú fækkun vinnustunda sem virðist hafa orðið í kjölfar bankabruna gæti hæglega vegið á móti auknu álagi vegna óryggis.

Sjöunda og áttunda mælingin lúta að skiptingu heimilisstarfa. Tölurnar eru ekki kyngreindar í töflunni, en slík greining leiddi í ljós að árið 2005 töldu um 47,6% íslenskra kvenna sig gera meira en sinn skerf af heimilisstörfum. Árið 2010 töldu um 49% þeirra svo vera. Árið 2005 töldu tæpar 50% karla sig gera minna en sinn skerf af heimilisstörfum. Árið 2010 var það hlutfall komið niður í 40%. Gögnin benda til þess að þátttaka karla í heimilisstörfum hafi aukist samliða minnkandi vinnutíma, sem helst í hendur við að færri karlar telja sig gera minna en sinn skerf. Kröfur kvenna um framlag karla á heimili gætu á sama tíma hafa breyst í ljósi nýrra aðstæðna, sem kann að skýra það að hlutfall kvenna sem telur sig gera meira en sinn skerf er nokkurn veginn óbreytt.

Ágreiningur um skiptingu heimilisstarfa er hinsvegar tíðari eftir bankabrun en fyrir. Árið 2005 svöruðu tæpar 39% því til að það kæmi aldrei upp ágreiningur um skiptingu heimilisstarfa. Árið 2010 er það hlutfall hinsvegar komið niður í rúm 20%. Á sama tíma hefur hlutfall þeirra sem eiga í slíkum ágreiningi nokkrum sinnum á ári tvöfaldast, úr 14% í rúm 28%. Þá hefur einnig fjölgað þeim sem upplifa slíkan ágreining nokkrum sinnum í mánuði eða á ári. Hér er rétt að benda á að ágreiningur um skiptingu heimilisstarfa er ekki mælikvarði á það hversu réttlát skiptingin er. Almennt er ágreiningur meiri í þeim löndum þar sem skiptingin er jafnari. Það kann að skýrast af því að skipting heimilisstarfa sé opin spurning þar sem kynjajafnrétti hefur náð hvað lengst, sem þýðir að skipting heimilisstarfa kalli á stöðuga endurskoðun sem geti leitt til ágreinings.

Það virðist hinsvegar langsótt að breytingin á milli 2005 og 2010 skýrist af því að hér hafi átt sér stað mikil jafnréttisvakning. Það er öllu sennilegra að hana megi rekja til áhrifa kreppunnar, t.d. að spenna vegna þrengri fjárhags birtist í ágreiningi um heimilisstörf eða þá að kynin greini á um hve mikið karlar eiga að auka við sig heimilisstörf í ljósi færri stunda sem þeir verja í launavinnu. Margt bendir til þess að Íslendingar aðhyllist vísu eðlishyggju þegar kemur að hlutverkum kynjana, þ.e. að konur verji meiri tíma til heimilisstarfa en karlar af því þær séu einfaldlega heimilis- og fjölskyldumiðaðri en makar þeirra (Folbre, 2009; Pateman, 1989). Slík viðhorf eru gjarnan mæld með því að fá svarendur til að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðingar: „Það er í lagi að vinna launuð störf, en í rauninni vilja flestar konur eignast heimili og börn.“

Tafla 1. Dreifing á breytum sem hafa áhrif á ánægju með fjölskyldulíf og tengjast bankahruninu

	2005	2010
Ég hef átt erfitt með að einbeita mér í vinnunni vegna fjölskyldunnar		
Nokkrum sinnum í viku	3,5%	0,8%
Nokkrum sinnum í mánuði	7,7%	7,1%
Einu sinni eða tvisvar	22,6%	34,4%
Aldrei	66,2%	57,7%
Ég hef komið í vinnuna of þreytt(ur) til að sinna verkefnum vegna heimilisstarfa		
Nokkrum sinnum í viku	3,1%	0,8%
Nokkrum sinnum í mánuði	8,0%	7,9%
Nokkrum sinnum á ári	15,2%	18,8%
Aldrei	73,7%	72,4%
Fjölskyldulífið veldur mér sjaldan streitu		
Mjög sammála	47,1%	39,2%
Frekar sammála	26,4%	30,7%
Hvorki/né	3,1%	6,2%
Frekar ósammála	15,1%	16,6%
Mjög ósammála	8,3%	7,3%
Ég hef átt erfitt með að sinna fjölskyldunni vegna þess tíma sem ég ver til vinnu minnar		
Nokkrum sinnum í viku	13,3%	7,1%
Nokkrum sinnum í mánuði	22,2%	25,5%
Einu sinni eða tvisvar	22,8%	27,7%
Aldrei	41,7%	39,7%
Ég hef komið of þreytt(ur) heim úr vinnu til að sinna þeim verkum sem þarf að sinna		
Nokkrum sinnum í viku	25,4%	13,6%
Nokkrum sinnum í mánuði	36,3%	47,8%
Einu sinni eða tvisvar	21,5%	22,3%
Aldrei	16,9%	16,3%
Starf mitt utan heimilis veldur mér sjaldan streitu		
Mjög sammála	30,1%	27,4%
Frekar sammála	24,1%	31,2%
Hvorki/né	5,1%	6,5%
Frekar ósammála	23,8%	25,0%
Mjög ósammála	16,9%	10,0%
Hvert af eftirtöldu lýsir best hvernig þú og maki þinn skiptið heimilisstörfunum?		
Ég geri miklu meira en minn skerf	10,5%	10,9%
Ég geri nokkuð meira en minn skerf	17,3%	19,7%
Ég geri nokkurn vegin minn skerf	47,2%	48,4%
Ég geri nokkuð minna en minn skerf	16,5%	14,1%
Ég geri miklu minna en minn skerf	8,6%	6,9%
Hvert af eftirtöldu lýsir því best hversu oft þú og maki þinn verða ósammála um skiptingu		
Nokkrum sinnum í viku	1,6%	3,3%
Nokkrum sinnum í mánuði	10,2%	13,3%
Nokkrum sinnum á ári	14,0%	28,4%
Sjaldnar	35,4%	34,9%
Aldrei	38,8%	20,1%

Ef marka er þau gögn sem við erum að vinna með hér hefur lítil breyting átt sér stað varðandi afstöðu Íslendinga til þessarar fullyrðingar. Árið 2005 voru 65,5% sammála henni en 24,6% ósammála henni. Árið 2010 voru 63,6% sammála en 18,2% ósammála. Helsta breytingin er sú að hlutfall þeirra sem voru ósammála lækkaði allnokkuð á milli þessara ára, þeim sem voru sammála fækkaði lítillega, en þeim sem voru hvorki sammála né ósammála fjölgaði nokkuð (sjá einnig rannsókn Gyðu Margrétar Pétursdóttur, 2009). Þá má einnig benda á rannsókn Þórodds Bjarnasonar og Andreu Hjálmsdóttur (2008, 2009), en niðurstöður þeirra benda til þess að kynhugmyndir unglinga hafi orðið íhaldssamari á útrásartímanum. Fyrir vikið er ekki óvarlegt að ætla að vaxandi ágreiningur um skiptingu heimilisstarfa sé a.m.k. óbein afleiðing af bankahruninu fremur af almennri viðhorfsbreytingu.

Á heildina litið bendir tafla 1 ekki til þess að bankahrunið hafi valdið stórfelldum breytingum á ofangreindum þáttum. Einhver aukning virðist vera á því að fólk upplifi heimili sitt sem uppsprettu álags. Einnig hefur ágreiningur um skiptingu heimilisstarfa aukist. Álag í vinnu virðist hinsvegar hafa minnkað og koma síður niður á heimilislífi. Því skal þó haldið til haga að þegar álag í vinnu er borið saman við álag á heimili er vinnan eftir sem áður meiri álagsvaldur í lífi fólks og hærra hlutfall fólks telur að vinnan komi niður á heimilislífinu en hið andstæða.

Því miður getum við ekki skorið úr hvernig þessar breytingar hafa áhrif á ánægju fólks með fjölskyldulíf sitt og því ekki skýrt þá aukningu sem mældist á milli 2005 og 2010. Engu að síður er ljóst að þessir ytri áhrifaþættir eru til staðar á mörgum heimilum og sumir þeirra eru tíðari en áður. Því er ástæða til að kanna hver áhrif þeirra eru á ánægju fólks með fjölskyldulíf sitt, en það gerðum við með aðhvarfsgreiningu. Líkanið sem varð fyrir valinu var svokallað *ordered logits* líkan enda er fylgibreytan raðbreyta. Þær spurningar sem snerta á álagi í vinnu og áhrifum þess á heimilislíf eiga ekki við atvinnulausa svarendur. Til að koma í veg fyrir að þessar spurningar útilokuðu atvinnulausa úr greiningunni var þeim sem ekki svöruðu þessum spurningum gefin föst gildi utan svarskalanna og svo voru búnar til leppbreytur sem skilgreindu þessa hópa til að eyða út áhrifum þeirra á greininguna. Niðurstöðuna má sjá í töflu 2.

Líkan 1 sýnir niðurstöður greiningarinnar með þeim breytum sem líklegt mátti teljast að hefðu áhrif á ánægju með fjölskyldulíf. Í líkani 2 hefur verið bætt við stýribreytum þátta sem ætla má að tengist skýringabreytunum og geti haft áhrif á samband þeirra við svarbreytuna. Í líkönum 3 til 6 eru möguleg samvirkniáhrif kyns og skýringabreyta greind. Niðurstöðurnar benda til þess að álag á heimili, vinnuálag og verkskipting hafi áhrif á ánægju með heimilislíf. Hvað varðar álag á heimili aukast líkurnar á óánægju með heimilislíf eftir því sem fólk telur heimilið meiri streituvald og því oftast sem það á erfitt með að einbeita sér í vinnu vegna fjölskyldu. Tengsl þess hve oft fólk kemur of þreytt til vinnu vegna fjölskyldu eru á sama veg en ekki tölfræðilega marktæk þegar stýribreytum hefur verið bætt við.

Erfiðleikar við að sinna fjölskyldunni vegna tíma sem er varið í vinnu haldast í hendur við minni ánægju. Aðrar breytur ná ekki tölfræðilegri marktækni. Þegar við skoðum verkskiptinguna benda niðurstöður til þess að það sé ekki verkskiptingin sjálf sem hafi áhrif heldur hve tíður ágreiningur um hana er. Því tíðari sem ágreiningur er, því minni er ánægjan með heimilislífið. Eins og kom fram hér að ofan hefur slíkur ágreiningur aukist nokkuð frá því fyrir bankahrun.

Tafla 2. Aðhvarfsgreining (*ordered logits*) á áhrifaþáttum tengdum bankahruninu, tengsl við ánægju með fjölskyldulíf

	Líkan 1	Líkan 2	Líkan 3	Líkan 4	Líkan 5	Líkan 6
Heimilisálag						
Heimilisstreita	.152**	.140**	.144**	.140**	.139**	.140**
Einbeitingarskortur í vinnu v. Fjölskyldu	-	-	-	-	-	-
Þreyta í vinnu v. fjölskyldu	.273*	.220	.229	.220	.219	.220
Vinnuálag						
Erfitt að sinna fjölskyldu v. vinnutíma	-	-	-	-	-	-
Þreyta heima v. fjölskyldu	.323**	.338**	.347**	.338**	.335**	.338**
Starf sem streituvaldur	-.088	-.038	-.031	-.038	-.040	-.038
Starf sem streituvaldur	.002	.005	-.001	.005	.006	.005
Verkskipting						
Verkskipting	-.054	-.039	-.038	-.038	-.039	-.039
Ágreiningur um verkskiptingu	-	-	-	-	-	-
Ágreiningur um verkskiptingu	.274**	.254**	.256**	.253**	.254**	.254**
Fjárhagur						
Heildartekjur heimilis	.008	-.002	.000	-.002	-.002	-.002
Atvinnuleysi						
Atvinnulaus	.134	.135	.421	.135	.149	.137
Stýribreytur						
Kyn (kona)		.050	.159	.056	.019	.047
Kynjuð eðlishyggja		.038	.032	.038	.040	.039
Vinnuviðhorf		-.040	-.040	-.040	-.039	-.040
Samvirkniáhrif						
Kyn * atvinnuleysi			-.377			
Ágreiningur um verkskiptingu * kyn				-.002		
Einbeitingarskortur í vinnu v. fjölskyldu * kyn					.001	
Erfitt að sinna fjölskyldu v. vinnutíma * kyn						.000
N	621	548	548	548	548	548
Pseudo R ²	.054	.048	.050	.048	.048	.048

Hvorki atvinnuleysi né tekjur heimilisins virðast hafa áhrif á ánægju með fjölskyldulíf. Þetta kemur nokkuð á óvart. Hér verður að hafa í huga að það eru fjárhagsþrengingar fremur en tekjur sem kenningar gera ráð fyrir að hafi áhrif á ánægju með fjölskyldulíf. Tekjur heimilis eru afar ónákvæm mæling á afkomuóryggi og fjárhagsþrengingar þar sem ætla má að fjárhagslegar skuldbindingar vaxi samhliða hækkandi tekjum. Upplifun fólks á þröngum fjárhag stýrist þannig ekki aðeins af þeim

tekjum sem það hefur heldur einnig þeim fjárhagslegu skuldbindingum sem það þarf að standa undir.

Þegar samvirkniáhrif eru skoðuð er athyglisvert að áhrif atvinnuleysis hefur öfug formerki eftir því hvort um karla eða konur er að ræða. Atvinnuleysi eykur líkurnar á óánægju með fjölskyldulífið hjá körlum en dregur úr þeim hjá konum. Það kann að skýrast af ólíkum tengslum kynjana við vinnumarkaðinn, ekki síst því að konur hafa aðgang að fleiri samfélagslega samþykktum hlutverkum utan vinnumarkaðarins en karlar (Russell og Barbieri, 2000). Áhrifin eru þó ekki tölfræðilega marktæk, hvorki fyrir karla né konur. Hvað varðar ágreining um skiptingu heimilisstarfa, einbeitingarskort í vinnu vegna fjölskyldu, og erfiðleika við að sinna fjölskyldu vegna þess tíma sem er varið til vinnu, þá benda samvirkniáhrifin í líkönunum 4 til 6 til þess að slíkt hafi fyrst og fremst áhrif á karla.

Á heildina litið má vera ljóst að álag í vinnu, álag á heimili, og árekstrar þar á milli, ásamt ágreiningi um skiptingu heimilisstarfa eykur líkurnar á óánægju með heimilislíf. Áhrif atvinnuleysis eru ekki marktæk. Sennilega skýrist það af því að áhrifin eru ólík fyrir kynin en þegar samvirkniáhrifum hefur verið bætt inn í líkanið séu þau tilfelli sem búa að baki atvinnuleysisbreytunni og samvirknibreytu kyns og atvinnuleysis of fá til að niðurstaðan nái að vera tölfræðilega marktæk. Það verða því að teljast nokkrar líkur á að atvinnuleysi hafi áhrif á ánægju með heimilislíf og að þau áhrif séu ólík fyrir kynin, þó við getum ekkert sagt um það út frá þeim greiningum sem birtar eru hér. Þá getum við ekkert sagt um áhrif fjárhagsþrenginga á ánægju með fjölskyldulíf þar sem gögnin innihalda engar mælingar á mati fólks á slíku.

Umræða

Þær niðurstöður sem hér hafa verið kynntar benda til þess að kreppan hafi haft takmörkuð áhrif á fjölskyldulíf Íslendinga. Ánægja fólks með fjölskyldulíf sitt hefur aukist lítillega frá því fyrir bankahrun. Það má ætla að áhrif bankahrunsins séu óbein og að áhrifunum sé miðlað í gegnum þætti eins og álag í vinnu, álag á heimili, árekstra vinnu og heimilis, ágreining um skiptingu heimilisstarfa, atvinnuleysi og fjárhagsáhyggjur og þrengingar. Greiningin hér að ofan gerir okkur því miður ekki kleift að draga ályktanir um áhrif slíkra breytinga á ánægju fólks með heimilislífið. Breytingar á öðrum orsakabáttum (sjá töflu 1) eru ekki á einn veg. Í einhverjum tilfellum eru vísbendingar um að álag í vinnu og á heimilum sem og árekstrar þar á milli hafi aukist. Aðrar breytur benda til þess gagnstæða eða til lítilla breytinga. Það kann að skýrast af því að vinnuálag var mikið á Íslandi fyrir bankahrun, en í kjölfar hrunsins hefur dregið úr framboði auka- og yfirvinnu sem kann að hafa aukið tíma til heimilislífs og dregið úr árekstrum vinnu og heimilis. Frekari greininga er þó þörf til að skýra þessa þróun. Þrátt fyrir að breytingar séu ekki á einn veg bendir greiningin til að vinnuálag, álag á heimili, árekstrar vinnu og heimilis, og ágreiningur um skiptingu heimilisstarfa hafi áhrif á ánægju fólks með heimilislíf í samræmi við það sem erlendar rannsóknir hafa sýnt. Því er mikilvægt að fylgjast með þróun slíkra þátta á komandi misserum. Frekari rannsóknir ættu að veita viðkvæmum hópum sérstaka athygli, t.d. starfsfólki á tímabundnum ráðningarsamningum og fólki í geirum sem standa höllum fæti eða standa frammi fyrir niðurskurði. Einnig er mikilvægt að greina nánar ólík áhrif þróunarinnar á karla og konur.

Heimildir

- Alm, S. (2001). *The Resurgence of Mass Unemployment: Studies on the Social Consequences of Joblessness in Sweden in the 1990s*. [Dissertation Series No. 53]. Stockhólmur: SOFI.
- Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2009). Og seinna börnin segja: „Þetta er einmitt sú veröld sem ég vil“...? Breytingar á viðhorfum 10. bekkinga til jafnréttismála, 1992–2006. *Uppeldi og menntun*, 17, 75-86.
- Bjarnason, Þ. og Hjálmsdóttir, A. (2008). Egalitarian attitudes towards the division of household labor among adolescents in Iceland. *Sex Roles*, 59, 1-2.
- Boudon, R. (1984). *Theories of Social Change*. Cambridge: Polity Press.
- Bradbury, T., Fincham, F. og Beach, S. (2000). Research on the nature and determinants of marital satisfaction: A decade in review. *Journal of Marriage and the Family*, 62(4), 964-980.
- Brockner, J., Grover, S., O'Malley, M., Reed, T. og Glynn, M. (1993). Threat of Future Layoffs, Self-Esteem, and Survivors' Reaction: Evidence from the Laboratory and the Field. *Strategic Management Journal*, 14, 153-166.
- Broman, C., Riba, M. og Trahan, M. (1996). Traumatic events and marital well-being. *Journal of Marriage and Family*, 58(4), 908-916.
- Burleson, B. og Denton, W. (1997). The relationship between communication skill and marital satisfaction: Some moderating effects. *Journal of Marriage and Family*, 59(4), 884-902.
- Conger, R., Elder, G., Lorenz, F., Conger, K., Simons, R., Whitbeck, L. o.fl. (1990). Linking economic hardship to marital quality and instability. *Journal of Marriage and the Family*, 52(3), 643-656.
- Elster, J. (1983). *Sour Grapes*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Folbre, N. (2009). *Greed, Lust & Gender. A History of Economic Ideas*. Oxford: Oxford University Press.
- Forthofer, M., Markman, H., Cox, M., Stanley, S. og Kessler, R. (1996). Association between marital distress and work loss in a national sample. *Journal of Marriage and the Family*, 58(3), 597-605.
- Fox, G., Benson, M., DeMaris, A. og Van Wyk, J. (2002). Economic distress and intimate violence: Testing family stress and resources theory. *Journal of Marriage and Family*, 64(3), 793-807.
- Gottmann, J. og Notarius, C. (2000). Decade review: Observing marital interaction. *Journal of Marriage and the Family*, 62(4), 927-947.
- Gyða Margrét Pétursdóttir. (2009). *Within the Aura of Gender Equality. Icelandic Work Cultures, Gender Relations and Family Responsibility. A Holistic Approach*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Stjórn málafræðideild.
- Hagstofa Íslands. (2010). *Mannfjöldi*. Sótt 29. ágúst 2010 af <http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi>
- Jahoda, M. (1982). *Employment and Unemployment*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Johnsons, D. og Booth, A. (1998). Marital quality: A product of the dyadic environment or individual factors? *Social Forces*, 76(3), 883-904.
- Kluwer, E., Heesink, J. og Van De Vliert, E. (1997). Marital dynamics of conflict over the division of labour. *Journal of Marriage and the Family*, 59(3), 635-653.
- Korpi, T. (2001). Accumulating disadvantage: Longitudinal analysis of unemployment and physical health in representative samples of the Swedish population. *European Sociological Review*, 17(3), 1-19.
- Krugman, P. (1999). *The Return of Depression Economics*. New York: W. W. Norton & Company.
- Kwon, H., Rueter, M., Lee, M., Koh, S. og Ok, S. (2003). Marital relationships following the Korean economic crisis: Applying the family stress model. *Journal of Marriage and Family*, 65(2), 316-325.

- Lampard, R. (1994). An examination of the relationship between marital dissolution and unemployment. Í D. Gallie, C. Marsh og C. Vogler (ritstjórar), *Social Change and the Experience of Unemployment* (bls. 264-298). Oxford: Oxford University Press.
- Larson, J. (1984). The effect of husband's unemployment on marital and family relations in blue-collar families. *Family Relations*, 33(4), 503-511.
- Larson, J., Wilson, S. og Beley, R. (1994). The impact of job security on marital and family relationships. *Family Relations*, 43(2), 138-143.
- Liebertson, S. (1985). *Making it Count. The improvement of social research and theory*. Berkeley: University of California Press.
- Lorenz, F., Conger, R., Simon, R., Whitbeck, L. og Elder, G. (1991). Economic pressure and marital quality: An illustration of the method variance problem in the causal modeling of family processes. *Journal of Marriage and Family*, 53(2), 375-388.
- Mathews, L., Conger, R. og Wickrama, K. (1996). Work-family conflict and marital quality: Mediating processes. *Social Psychology Quarterly*, 59(1), 62-79.
- Mathews, L., Wickrama, K. og Conger, R. (1996). Predicting marital instability from spouse and observer reports of marital interaction. *Journal of Marriage and Family*, 58(3), 641-655.
- Mauno, S. og Kinnunen, U. (1999). The effects of job stressors on marital satisfaction in finnish dual-earner couples. *Journal of Organizational Behaviour*, 20(6), 879-895.
- Pateman, C. (1989). *The Disorder of Women*. Cambridge: Polity Press.
- Reinhart, C. og Rogoff, K. (2009). *This time is different. Eight centuries of financial folly*. Princeton: Princeton University Press.
- Russell, H. og Barbieri, P. (2000). Gender and the experience of unemployment. Í D. Gallie og S. Paugam (ritstjórar), *Welfare Regimes and the Experience of Unemployment in Europe* (bls 307-333). Oxford: Oxford University Press.
- Starkey, J. (1996). Race differences in the effect of unemployment on marital instability: A socioeconomic analysis. *Journal of Socio-Economics*, 25(6), 683-720.
- Stefán Ólafsson. (2006). Launþegahreyfingin á nýrri öld. Staða og horfur. Sótt 16. ágúst 2010 af <http://notendur.hi.is/olafsson/launtegahre.doc>
- Stiglitz, J. (2010). *Freefall: Free Markets and the Sinking of the Global Economy*. London: Allen Lane.
- Ström, S. (2003). Unemployment and families: A review of research. *The Social Service Review*, 77(3), 399-430.
- Westman, M., Etzioni, D. og Danon, E. (2001). Job insecurity and crossover burnout in married couples. *Journal of Organizational Behaviour*, 22(5), 467-481.
- Wilhelm, M. og Ridley, C. (1988). Stress and unemployment in rural nonfarm couples. *Family Relations*, 37(1), 50-54.
- Williams, K. og Alliger, G. (1994). Role stressors, mood spillover, and perceptions of work-family conflict in employed parents. *The Academic Management Journal*, 37(4), 837-868.
- Wilson, S., Larson, J. og Stone, K. (1993). Stress among job insecure workers and their spouses. *Family Relations*, 42(1), 74-80.